

Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir,
verkefnastjóri hjá VR:

Að vera atvinnuleitandi felur í sér tækifæri

Atvinnuleitandi er betra orð og jákvæðara en atvinnulaus.

„Orðið atvinnuleitandi kom frá atvinnulausum einstaklingi sem ég kalla atvinnuleitanda númer eitt,“ segir Jóhanna. „Þetta orð höfðar til nýrra tækifæra meðan á atvinnuleysi stendur og að mínu mati skiptir það miklu máli.“

Atvinnuleysi hefur mikil og margvísleg áhrif og Jóhanna segir nauðsynlegt að fólk forðist að loka sig af við þær aðstæður.

„Þegar fólk missir vinnuna upplifir það margskonar tilfinningar, t.d. reiði og sorg. Þá er hættu á að einstaklingurinn festist í ákveðnu fari doða og vonleysis og því er mikilvægt að viðkomandi finni sér einhvers konar afþreyingu eða hlutverk.“

Það er líka vert að benda á mikilvægi verkalýðsfélaga á tímum atvinnuleysis. Það er nauðsynlegt fyrir atvinnuleitendur að halda áfram að greiða félagsgjöld til þess að missa ekki mikilvæg réttindi sem þeir hafa áunnið sér.“

Uppbygging mikilvæg

Jóhanna segir mikilvægt að virkja einstaklinginn meðan á atvinnuleysi stendur og jafnvel að byrja á því á uppsagnartím-anum.

„Fólk á að líta á atvinnuleysi sem tækifæri og nýta tímann til þess að auka þekkingu sína og byggja sig upp. Það skiptir miklu máli þegar sótt er um annað starf að hægt sé að sýna atvinnuleitendum fram á að umsækjandinn hafi verið að gera eitthvað uppbyggilegt. Við höfum ýmislegt í boði fyrir félagsmenn og teljum okkur hafa náð góðum árangri. Í dag eru 2795 VR-ingar sagðir atvinnuleitendur en sú tala er í rauninni ekki rétt því stór hluti þeirra er á 50% launum og fær atvinnuleysisbætur á móti.“

Atvinnuskapandi tengslanet

Jóhanna leggur áherslu á að verkalýðsfélög séu ekki atvinnumiðlun.



Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir er verkefnastjóri hjá VR og hjálpar atvinnuleitandi fólk að byggja sig upp.

„Aðalviðfangsefni okkar er alls kyns námskeiðahald. Við erum m.a. í samstarfi við Nýttu kraftinn og starfsemin þar hefur reynst félagsmönnum okkar vel. Þar er unnið metnaðarfullt starf og stór hluti þeirra sem sóttu fyrstu námskeiðin hefur fengið vinnu. Lögð er áhersla á ný tengslanet, fólk úr mismunandi atvinnugreinum kemur saman og hver og einn fær sinn eigin mentor. Með þessu móti skapast atvinnuskapandi tengingar.“

Við erum líka í samstarfi við Hlúverkasetrið á Laugavegi 26 þar sem boðið er upp á fjölbreytt námskeið, allt frá jóga til rússnesku. Þar hafa félagsmenn okkar jafnvel fengið hlutverk og það auðveldar þeim að finna aftur tilgang með lífinu. Einnig niðurgreiddum við líkamsræktarkort til félagsmanna, en öll hreyfing bætir líðan okkar,“ segir Jóhanna að lokum. [EV](#)



Afgreiðslutími 11-18

RESTAURANT
Jómfrúin

DANISH
OPEN SANDWICHES
Lækjargötu 4 sími: 55 10 100 fax: 55 100 35



Fundir - Móttökur - Veislubjónusta